

Umhverfisráðuneytið  
Ingimar Sigurðsson  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. ágúst 2006  
2006080005/42-8  
HeTo/rsb

## Lönguhlíðar í Fagradal - umsögn um umsókn Vatnsveitu Hafnarfjarðar um rannsóknarleyfi á grunnvatni

Vísað er til bréfs umhverfisráðuneytis, dags. 27. júlí sl., þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á umsókn Vatnsveitu Hafnarfjarðar um rannsóknarleyfi á grunnvatni í sunnanverðum Lönguhlíðum í Fagradal.

Almennt eru ekki gerðar athugasemdir við að Vatnsveita Hafnarfjarðar kanni grunnvatn til neyslu svo fremi sem farið sé varlega í allar framkvæmdir, ekki séu lagðir slóðar að borholum eða annað umrót verði nema nauðsyn krefji og landsvæði þau sem sótt er um séu innan marka sveitarfélagsins eða með vitneskju þess sveitarfélags sem landsvæðið tilheyrir. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við það svæði sem Vatnsveitan óskar eftir að fá rannsóknarleyfi á. Grunnvatn er mikið sunnan og austan við Hafnarfjörð og talsverðar rannsóknir hafa verið gerðar sem tengjast rennsli grunnvatns. Ef um er að ræða áætlaða nýtingu til neyslu er engin þörf á að teygja rannsóknarsvæðið upp á Lönguhlíð og allt suður í Brennisteinsfjöll, en það landsvæði hefur verið tilnefnt til náttúruverndar. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að rannsóknarleyfi verði veitt á því svæði sem er ofan 200 m. hæðarlínu.

Lagt er til að rannsóknarleyfi takmarkist við 200 m hæðarlínu og eru með því engar hömlur lagðar á rannsóknir á grunnvatni, enda þyrfti meiriháttar vegagerð og rask ef fara á með bortæki mikið ofar í landið.

Breyting sem er nánast samhljóða væri að svæðið markaðist af:

Syðri Stapa  
Stapatindar  
Fjallið eina  
Óbrinnishólar  
Kristjánssdalahorn  
Dauðadalir  
Austanverður Leirdalur (neðan 200 m)  
Blesaflöt  
Lambhagi  
auk þess

*Kálfadalir, láglendi, ekki yfir 180 m hæðarlínu  
Suðurströnd Kleifarvatns að 160 m hæðarlínu*

Samkvæmt korti sem vísað er til í umsókninni, 1:100.000 Reykjavík, er Kristjánssdalahorn í landi Kópavogs og meginhluti annars í landi Grindavíkur. Verið getur að landamörk hafi eitthvað breyst frá því kortið var gefið út, en ekki er óeðlilegt að Grindavík og Kópavogur gefi sína umsögn um þessa umsókn til rannsóknaleyfis. Fjallið Litla Kóngsfell er ekki til á kortum og er sennilega átt við Kóngsfell suðaustan Grindarskarða.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

